

**83. stjórnarfundur, símafundur 17. desember 2014.**

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ruth Magnúsdóttir, Reynir Arnarson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

*Fundur hófst kl. kl.11:30*

**1. Samþykki dagskrár**

- Dagskrá samþykkt

**2. Fjárlög 2015**

Þórður fór yfir nýsamþykkt Fjárlög fyrir árið 2015. Sagði að framlög hafi ekki breyst frá fyrstu umræðu fjárlaga, að undanskyldu því að inn kom við lok 3. umræðu, 15 m.kr. framlag til áframhaldandi vinnu við Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Niðurskurður er upp á 5,4 m.kr. í rekstri á næsta ári og því á síðustu tveimur árum samtals um 13 m.kr., sem færir nærri einu stöðugildi og það reyndi á að þúsla saman rekstrarramma fyrir næsta ár með þessa fjármuni og stórauðna þörf á þjónustu á vissum svæðum. Greindi hann frá því að gestafjöldi í Skaftafelli hafi margfaldast, úr um 100 þúsund gestum árið 2004 í hátt í 300 þúsund árið 2014. Þetta leiddi til þess að forgangsraða þurfi enn frekar verkefnum í rekstri. Sigrún lagði til að tekið yrði saman yfirlit yfir þróun gestakoma í Þjóðgarðinn og framlög til rekstur hans og það kynnt.

Rósa greindi frá því að niðurskurður blasi víða við og vitnaði til dæmis í minnkandi rekstrarframlög til upplýsingamiðstöðva umhverfis landið. Velti því upp hvort draga ætti úr þjónustu, til dæmis að loka Skaftafelli á ákveðnum tíma ársins.

Snorri tók undir orð Rósu. Fleiri fundarmenn tjáðu sig um hversu erfið staðan er.

Benti Þórður á að heimild er í lögum um Þjóðgarðinn að innheimta gjald fyrir þjónustu í Þjóðgarðinum.

Ofangreindum málum vísað til vinnufundar stjórnar og starfsmanna.

**3. Vinnufundur stjórnar og starfsmanna**

Lögð fram drög að dagskrá fundarins sem starfsmenn hafa farið yfir og komið fram með ábendingar. Vísað til áframhaldandi vinnu formanns og framkvæmdastjóra. Dagsetningar ræddar og niðurstaðan að halda fundinn 28. og 29. janúar.

**4. Vonarskarð**

Lagt fram minnisblað frá Árna Geirssyni hjá Alta um Vonarskarð sem tekið var saman að beiðni formanns og framkvæmdastjóra, dags 3. desember. Jafnframt lagt fram minnisblað frá Björgu Ágústsdóttur hjá Alta um reiðhjólaumferð um Vonarskarð, dags 8. apríl 2014.

Rósa sagði mikilvægt að reyna að sætta sjónarmið í þessum málum.

Snorri benti á að hjólreiðamenn mótmæltu ekki banni við umferð hjóla heldur kærðu þá ákvörðun. Jafnframt að fleiri ferðamenn hafi mótmælt. Jafnframt benti Snorri á að í umræðu um víðerni væru mannvirki við Rauðá sem þyrfti að hafa til hliðsjónar í umræðu um víðerni. Sigrún sagði að málamiðlun þýddi að fólk slægi af kröfum sínum og mættist á miðri leið. Hún taldi að allir hafi gefið eftir nema þeir sem vilji aka um svæðið. Í Þjóðgarði á náttúran að njóta

vafans, þar á að vera öflugri náttúruvernd en t.d. í fólkvangi. Hún taldi jafnframt mikilvægt að leita upplýsinga erlendis hvernig hjólreiðar eru skipulagðar í þjóðgörðum þar og þeim stýrt. Snorri sagði að þetta væri ekki spurning um málamiðlanir heldur efnisatriði. Lagði Hjalti til að næsta skref í ferlinu væri að kanna kosti þess að skilgreina sameiginlega leið reiðhjóla, bíla og hesta austan Köldukvíslar

- Málinu vísað til áframhaldandi umræðu í stjórn og vettvangsferðar næsta sumar.

## **5. Önnur mál**

- Snorri Ingimarsson gerði athugasemdir við yfirferð síðustu fundargerðar svæðisráðs vestursvæðis. Benti á að bætt hafi verið bókun um svæðisráð Vestursvæðis undir fundargerð sem ekki væri á netinu né hafi verið lögð formlega fram. Benti Heiða á að hún hafi kynnt fundargerðina á síðasta stjórnarfund. Óskaði Snorri eftir því að fá fundargerðina birta og hún verði lögð fram að nýju.
- Ruth spurði um endurskoðun laga þjóðgarðsins og hvernig samráði við sveitarfélögin væri háttað. Stjórn bendir á mikilvægi þess að breyting á lögum verði unnin í nánú samstarfi við sveitarfélögin.

*Fundi lauk kl. 13:10*